

ÉG ER BARA ÉG



Andrea Börk Guðbjartsdóttir

ÉG ER BARA ÉG


Andrea Björk Guðbjartsdóttir

ÉG ER BARA ÉG

Hæ ég heiti Atli og er sextán ára gamall. Ég ætla að segja þér söguna um það þegar ég byrjaði að átta mig á því að ég væri öðruvísi og líka hvernig ég sagði öllum frá því að ég er hommi.

Ég bjó í litlum bæ sem heitir
Siglufjörður, en þar býr ekki mikið af
fólki. Ég bjó með mömmu og stóra
bróður mínum. Pabbi minn býr ekki
á sama stað og mamma mín og stóri
bróðir. Hann býr með kærustunni
sinni á Akureyri, en þar býr mikið af
fólki. Ég heimsótti pabba minn og
kærustuna hans ekki oft.

Ef ég ætti að segja hvenær ég uppgvötaði að ég væri öðruvísi, þá væri það um átta ára aldur. Ég vissi ekkert af hverju, ég var ekkert mikið að spá í því á þessum tíma. Einu sinni langaði mig í bolta svo að mamma fór með mér að velja bolta.



Heterósexismi er hugtak og í því felst að einstaklingur er gagnkynhneigður frá fæðingu, þangað til að hann tilkynnir eitthvað annað.

Einstaklingurinn á að ákveða sína kynhneigð sjálfur, samfélagið á ekki að gera ráð fyrir að manneskjan sé gagnkynhneigð.

Það voru til Barbí, Súperman og Batman boltar en mig langaði mest í Barbí boltann, þó svo að hinir boltarnir væru líka flottir. Mamma sagði að það væri ekki í boði að fá Barbí boltann og spurði hún mig þá hvort ég vildi ekki Súperman eða Batman bolta. Á endanum valdi ég mér Súperman boltann en mig langaði meira í hinn boltann.


Núna í dag er ég sextán ára og veit það að mamma mín vildi ekki gefa mér Barbí boltann vegna þess að henni fannst það vera fyrir stelpur en ekki stráka. Samfélagið er búið að búa það til að bleikur sé stelpulitur og blár sé strákalitur. Eins og með að Barbí sé stelpudót og Súperman sé strákadót.

En það á alls ekki að vera þannig, allt dót ætti að vera fyrir alla.

Þegar ég var í fimmta bekk þá átti ég tvo vini, Báru og Óla. Við lékum okkur alltaf saman og í allskonar leikjum, til dæmis, Pleymó, mömmó og mörgum öðrum leikjum.

*Þú mátt leika þér með hvað sem er
og í hverju sem er, á meðan þér
finnst það gaman.*

Mér fannst alltaf skemmtilegast þegar við lékum okkur í mömmó en Óla fannst það vera leiðinlegur leikur. Óla fannst líka skrítið að mig langaði alltaf að vera í stelpuleikjum eins og Barbí og mömmó. Hann vildi frekar vera í byssu- eða bílaleikjum.



Samkynhneigðir einstaklingar
laðast að sama kyni, konur
laðast að konum og eru þær
kallaðar lesbíur og karlar laðast
að körlum og eru þeir kallaðir
hommar.

Ég var oft kallaður hommi eða faggi í sjötta bekk af nokkrum strákum, ég vissi ekkert hvað það væri að vera hommi. Það var eins og þetta væri niðrandi orð og ætti að særa mann. Eftir það leitaði ég af orðinu hommi og vissi ég þá hvað það væri. Þá komst ég líka að því að orðið faggi er rosalega ljótt orð yfir það að vera samkynhneigður.

Í sjöunda bekk var ég farin að taka eftir strákum. Mér fannst einn rosalega sætur í bekknum mínum og ég varð smá skotinn í honum. Mér fannst skrítið að ég væri skotin í strák vegna þess að allir strákarnir í bekknum mínum voru skotnir í stelpum og allar stelpurnar skotnar í strákum.

Þarna var ég farin að gera mér grein fyrir því að það væri kannski rétt hjá strákunum að ég væri hommi. Þessi hugsun var föst inni í hausnum á mér þangað til í áttunda bekk.

Samtökin '78 eru hagsmuna- og baráttusamtök hinsegin fólks á Íslandi. Markmið félagsins er að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.



Í áttunda bekk komu samtökin 78 í skólann minn, með fræðslu um hinsegin fólk. Þegar þau komu með fræðslu, og þau byrjuðu að útskýra hvað hommi og lesbía væri. Þá fattaði ég endanlega að ég væri hommi.

Ég vildi ekki segja neinum frá því að ég væri hommi, en ég var hræddur um að ef einhver vissi það í skólanum mínum yrði ég lagður í einelti. Ég var líka mjög hræddur við að fjölskyldan mín myndi ekki samþykkja mig sem homma. Mér leið rosalega illa frá því ég fattaði að ég var hommi þangað til að ég kom út úr skápnunum.

Ég átti enga vini á þeim tíma,
vegna þess að ég lokaði mig alveg
inni. Ég lokaði einnig á
fjölskylduna mína. Mér leið betur á
Akureyri hjá pabba mínum og var
ég farin að leita meira í að vera þar.
Á Akureyri þekkti fólk mig ekki og
mér leið eins og ég gæti verið ég
sjálfur, nema í kringum pabba minn
og kærustuna hans.

Þegar sumarið byrjaði langaði mig að segja fjölskyldunni minni frá því að ég væri hommi, áður en ég færi í menntaskóla. Ég var búin að vera vinna á veitingastað á Akureyri og bjó hjá pabba mínum.

Ég vildi segja bróðir mínum frá þessu fyrst vegna þess að ég var viss um að hann mundi taka því betur en mamma og pabbi.

Eina helgi bauð ég bróður mínum að koma í bíó á Akureyri. Þegar við vorum búnir í bíóinu fórum við á rúntinn og við spjölluðum mikið um allskonar hluti. Ég var nefnilega ekki búin að tala almennilega við bróðir minn síðan ég fattaði að ég væri hommi, því þá lokaði ég á alla.

Ég byrjaði að svitna allstaðar og ætlaði ekki að þora að segja honum. Bróðir minn spurði mig þá hvort það væri eitthvað sem mig langaði að segja honum. Þá brotnaði ég niður og sagði honum að ég væri hommi. Bróðir minn sagði að hann hefði alltaf grunað það og að hann myndi auðvitað elska mig sama hvað.

Þegar ég ákvað loksins að segja pabba frá því að ég væri hommi, þá sendi ég honum bréf. Í því stóð „Elsku pabbi, ég hef verið að halda dálitlu leyndu í tvö ár. Í dag hef ég loksins fengið hugrekkið til þess að segja þér hvað það er sem ég er búin að vera hræddur við að segja þér. Ég verð hrifin af strákum, ekki stelpum. Ég vona að þú takir mér eins og ég er. Elska þig.”

Ég skildi eftir bréfið á náttborðinu þegar pabbi minn var sofandi og fór í vinnuna.

Þegar ég kom heim eftir vinnu var pabbi minn sitjandi inn í stofu. Ég horfði í smá stund á hann. Þá stóð hann upp og knúsaði mig, og í leiðinni sagðist hann elska mig eins og ég væri.

Ég var mest hræddur við að segja mömmu minni vegna þess að hún er mjög trúuð kona. Hommar eru ekki samþykktir í biblíunni. Mig langði ekki að hitta hana, ég ætlaði að gefa henni tíma til þess að melta þetta allt saman. Ég sendi henni sama og ég skrifaði í bréfinu til pabba.

Hún svaraði mér ekki né hringdi.
Ég beið í marga daga þar til að hún
hringdi í mig og sagði mér að koma
í heimsókn til hennar á Siglufjörð.
Þá var einn og hálfur mánuður í að
menntaskólinn byrjaði hjá mér. Ég
fór til hennar um helgi og ég var
mjög hræddur.

Þegar ég kom borðuðum við kvöldmat saman og töluðum. Hún sagði við mig að hún væri mamma mín og þess vegna yrði hún að taka mér eins og ég er. Ég veit að mömmu minni líkar ekki við það að ég sé hommi, það á alltaf eftir að angra mig en ég mun alltaf elska hana.

Í dag heimsæki ég hana stundum en alls ekki oft, það er eiginlega bara vegna þess að ég er byrjaður í Menntaskólanum á Akureyri og það er mikið að gera. Vonandi á hún einhverntíman eftir að sætta sig við það að ég sé hommi.

Mér líður mjög vel í
Menntaskólanum á Akureyri, þó að
ég sé ekki búinn að vera lengi. Ég
get verið ég sjálfur í dag og mér
líður eins og ég sé laus við hlekki
sem hafa haldið mér niðri mjög
lengi. Ég elska að geta verið ég
sjálfur.

Vertu þú sjálf/ur.

